

**Nd.**

**508. Frumvarp**

til laga um heimild handa stjórninni til þess að taka gjaldeyrislán.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Með lögum þessum er stjórninni veitt heimild til þess að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, er nemi allt að 15000000 kr., til þess að ráða fram úr viðskiftakreppu þeirri, sem nú er í landi.

2. gr.

Af láni þessu er stjórninni heimilt að lána bönkum í landinu, ef nauðsyn krefur og svo mikið sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Nú hefir það dregist alt of lengi að veita stjórninni slíka heimild, og hefir lántaka þessi nú frestast fram úr hófi. Þar sem nú hefir komið í ljós, að stjórnin hefir stuðning 14 manna í neðri deild, og því víst, að hún fer með þessi mál framvegis, þá er nú rjett að bæta úr þessum skorti á heimildum.